

Nr. 21-028 S 018 Doddi SH 223**Leki og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2716
Smíðaður: Bátasmiðja Guðm. 2002, trefjaplast.
Útgerð: Útgerðarfélagið Kjölur ehf.
Stærð: 5,94 bt. 7,18 brl.
Mesta lengd: 8,73 m *Skráð lengd:* 8,67 m
Breidd: 2,55 m *Dýpt:* 1,17 m
Vél: Perkins, 148 kw, 2000.
Fjöldi skipverja: 1



Doddi©Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. maí 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. mars 2021 var Doddi SH 223 á siglingu út frá Rifshöfn áleiðis til Reykjavíkur. Veður: SSV 2-3 m/s.

Skipstjóri tilkynnti til Neyðarlínunnar að leki væri kominn að bátnum rétt fyrir utan Rifshöfn. Björgunarskipið Björg var ræst út til aðstoðar en lensidælur höfðu undan lekanum. Björg dró Dodda til hafnar á Rifi.

Við rannsókn kom fram:

- að á siglingunni varð skipverji var við leka inn í vélarúmið á myndavél sem staðsett var þar;
- að tvær lensidælur voru í vélarúminu og höfðu þær undan lekanum eftir að búið var að stöðva vélina;
- að við skoðun kom í ljós að hosuklemma við sjólögn frá kæli var í sundur og sjór sprautast inn í vélarúmið á meðan vélin var í gangi;
- að báturinn var búinn að standa ónotaður frá síðasta hausti og var að byrja grásleppuveiðar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.